

Ed.

103. Frumvarp til laga

[89. mál]

um gleraugnafræðinga og sjónfræðinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

Rétt til að kalla sig gleraugnafræðing eða sjónfræðing og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi skv. 1. gr. skal veita þeim, sem aflað hefur sér bóklegar eða verklegar menntunar, sem viðurkennd er á þessu sviði af heilbrigðisyfirvöldum.

Heimilt er að synja manni um starfsleyfi sem gleraugnafræðingur eða sjónfræðingur, ef 2. málsg. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

3. gr.

Ráðherra getur veitt manni með 4 ára starfsreynslu eða manni með 3 ára starfsreynslu og hæfnispróf, starfsleyfi sem gleraugnafræðingur að fengnum meðmælum landlæknis.

4. gr.

Framleiðsla og sala sjónhjálpartækja (gleraugna og snertilinsa) er óheimil öðrum en þeim, sem starfsréttindi hafa samkvæmt lögum þessum, eða hafa í þjónustu sinni gleraugnafræðing eða sjónfræðing með fullum réttindum.

5. gr.

Gleraugnafræðingum er heimilt að framleiða og selja sjónhjálpartæki samkvæmt fyrirsögn augnlækna.

Sjónfræðingi er heimilt að starfa samkv. 1. málsg. þessarar greinar og einnig eftir eigin sjónmælingu á sjúklingi með þeim takmörkunum, sem um getur í 3. málsg. þessarar greinar.

Án fyrirsagnar augnlæknis mega sjónfræðingar ekki láta frá sér fara sjónhjálpartæki:

- 1) til barna undir 10 ára aldri,
- 2) til sjúklings, sem aldrei hefur áður farið til augnlæknis til athugunar á sjón,
- 3) til sjúklings, sem ætla má að þjáist af augnasjúkdómum eða öðrum kvillum, sem skaðlegir gætu verið sjóninni,
- 4) til sjúklings, sem náð hefur 45 ára aldri,
- 5) til sjúklings, ef ekki næst betri sjónskerpa (visus) en 6/12,
- 6) til sjúklings, sem sjónskerpa hefur lækkað hjá á stuttum tíma,
- 7) til strabismus sjúklings,
- 8) til afaki sjúklings.

6. gr.

Um gleraugnafræðinga og sjónfræðinga gilda að öðru leyti og eftir því sem við getur átt, reglur læknalaga nr. 80/1969. Reglur læknalaga gilda um viðurlög við brotum í starfi, um sviptingu starfsleyfis og um endurveitingu starfsréttinda. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, svo og um réttindi og skyldur gleraugnafræðinga og sjónfræðinga.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta um gleraugna- og sjónfræðinga er samið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Það er að verulegu leyti byggt á tillögum, sem ráðuneytinu hárust frá Optikerafélagi Íslands, Félagi gleraugnaverslana á Íslandi svo og starfshópi íslenskra gleraugnafræðinga.

Á vegum Norðurlandaráðs hefur farið fram athugun á þeim reglum, sem giltu um þetta á Norðurlöndum, og hafa verið settar nýjar reglur í Finnlandi, Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Ráðuneytið hafði þær reglur miðg til hliðsjónar við fyrstu gerð þess frumvarps, sem lagt var fram á alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—1976 en varð ekki útrætt.

Að fengnum athugasemdum við það frumvarp, hefur 2. og 3. gr. verið breytt lítillega og frá frv. gengið í þeirri mynd, sem það birtist hér í.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er í samræmi við upphafsgreinar laga og reglugerða þeirra, sem undanfarin misseri hafa verið sett um aðrar heilbrigðisstéttir. Lagt er til að upp verði tekin heitin gleraugnafræðingur og sjónfræðingur í stað orðanna optiker og optometríst.

Um 2. gr.

Menntun á því sviði, er frumvarp þetta tekur til, verður enn að sækja til útlanda. Algengast mun að Íslendingar sækja skóla á Norðurlöndum og í öðrum löndum Vestur-Evrópu, einkum í Þýskalandi.

Námsefni mun yfirleitt vera mjög svipað í skólum í þessum löndum svo og kröfur þeirra um próf. Það er því tiltölulega auðvelt fyrir heilbrigðisyfirvöld á hverjum tíma að marka þær kröfur, sem gera verður til menntunar á þessu sviði.

Síðari málsgrein 2. greinar þarfnast ekki skýringar.

Um 3. gr.

Þegar sett hafa verið ný lög um starfsheiti og starfsréttindi ákveðinna stétta, hefur sú venja ríkt hér á landi, að samtímis væri gert ráð fyrir því, að því fólki, sem í starfi er á þessu sviði, þegar lögin taka gildi, sé gefinn kostur á starfsréttindum. Hér er lagt til að skilyrði fyrir slíkum starfsréttindum sé a. m. k. 4 ára starfsreynsla, nema hæfni sé sönnuð með sérstöku prófi þá nægi 3 ár og að fengin séu meðmæli landlæknis í öllum tilfellum.

Um 4. gr.

Í þessari grein og 5. grein frumvarpsins felast helstu nýmæli þessa frumvarps. Í 4. grein er lagt til, að því verði slegið föstu að sala og framleiðsla sjónhjálpartækja þ. e. a. s. gleraugna- og snertilinsa skuli vera óheimil öðrum en heim, sem starfsréttindi hafa samkvæmt lögum þessum eða hafa í þjónustu sinni aðila með fullum slíkum réttindum. Þetta ákvæði er nýmæli. Það verður ekki séð, að í gildandi lögum séu nein þau ákvæði, sem komið geti í veg fyrir að hver sem væri hefði með höndum framleiðslu og sölu á þessum hlutum.

Það mun yfirleitt ekki tíðkast, að sjúklingur, sem fengið hefur afgreidd gleraugu eða önnur sjónhjálpartæki í gleraugnaverslun eftir fyrirsögn augnlæknis, fari aftur til augnlæknis síns með þessi tæki til athugunar, fyrr en hann vitjar augnlæknisins næst. Að þessu leyti gildir hér sama reglan og við útlát lyfja eftir lyfseðli. Þegar af þessari ástæðu er augljóst, að mjög veigamikið er, að þeir sem vinna eiga eftir fyrirsögn augnlæknis séu fullkomlega í stakkinn búnir til þess. Því er lagt til, að ákveðið verði í næstu grein hvert skuli vera hið heimilaða starfssvið gleraugnafræðinga (optikera) og hvert skuli vera hið leyfilega starfssvið sjónfræðinga (optometrist), en gert er ráð fyrir, að hinar síðarnefndu hafi heimild til þess að framkvæma undir vissum kringumstæðum eigin sjónmælingu á sjúklingi til ákvörðunar á gerð og styrkleika þess sjónhjálpartækis, sem síðan yrði afgreitt til viðkomandi sjúklings.

Um 5. gr.

Í grein þessari eru nánari ákvæði um heimilað starfssvið gleraugnafræðinga og sjónfræðinga.

Takmarkanir skv. tölulíðum 1—4 í 3. málsgrein eru efnislega samhljóða þeim meginreglum, sem settar hafa verið á Norðurlöndum um störf sjónfræðinga. Takmarkanir skv. tölulíðum 5—8 eru teknar í frumvarpið eftir tillögu Félags gleraugnaverslana á Íslandi, sem fékk fyrstu drög frv. til umsagnar ásamt fleiri aðilum.

Um 6. gr.

Í samræmi við ákvæði annarra nýsettra laga um starfsréttindi og skyldur heilbrigðisstétta, er hér lagt til, að um þessa stétt gildi agavald, hliðstætt því, er um þær stéttir gildir almennt.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.